

Fornleifaskráning í landi Sandgerðis

vegna nýs deiliskipulags á Rockvillesvæði



Apríl 2008

Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	2
SKRÁÐAR FORNLEIFAR	3
NÍÐURSTÖÐUR:	17

INNGANGUR

Byggingafultrúinn í Sandgerði óskaði í nóvember 2007 eftir því við mig, Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðing, að vinna fornleifaskráningu vegna nýrra byggingasvæða í landi Sandgerðis.

Svæðið sem hér um ræðir, svokallað Rockville svæði, er eitt af nokkrum svæðum í landi Sandgeris sem áætlað er að deiliskipuleggja. Fornleifaskráning þessi er vegna vinnu við deiliskipulag á fyrirhuguðu svæði fyrir netþjónabú á Rockville svæðinu. Deiliskipulagsvinnan er í höndum Verkfræðiskrifstofunnar VSÓ, Borgartúni 26 Reykjavík.

Vettvangsvinna fornleifaskráningarinnar fór fram á Rockville svæðinu 7. janúar, 18. febrúar og 10. mars 2008.

Rockvillesvæðið var allt frá 1953 vel afgirt athafnasvæði bandaríska hersins þangað til að stöðin var lögð niður árið 1997/1998. Á þeim tíma sem herinn hafði svæðið til umráða var utankomandi ekki leyfður aðgangur að því. Fyrir tíma hersins var þetta óbyggt land, móar og melar. Svæðið var að vissu leyti gjöfult, þar var hægt að stunda dúntekju og krían hafðist þar við. Dúnninn og egginn voru góð búbot fyrir íbúa í og við Sandgerði.

Þessi vinna framhald af fornleifaskráningu sem ég gerði árið 2004 fyrir Sandgerðisbæ. Að höfðu samráði við Fornleifavernd ríkisins verður þessi hluti skráningarinnar lagður fram sem framhald af fyrrnefndri fornleifaskráningu, og síðan bætast við þau svæði sem fyrirhugað er að fornleifaskrá vegna nýrra byggingasvæða. Þessi skráning er því hluti af þeirri heildarskráningu sem fyrirhugað er að gera. Þegar henni er lokið verður lögð fram heildarskráning fyrir fyrirhuguð skráningarsvæði.

- Fornleifaskráningin sem gerð var árið 2004 hafði númerin 1-51 í landi Sandgerðis. Fornleifar í landi Byjaskers fengu númerin 1- 17.
- Fornleifaskráning sem gerð var 2007 í landi Sandgerðis vegna nýs deiliskipulags suður af hafnarssvæði fengu skráningar númerinn 100 - 107
- Þær fornleifar sem nú voru skráðar á Rockville svæðinu fá númerinn 108 – 128.
- Tölur í sviga eru vinnunúmer á vettvangi.

Kortagrunnur vegna vinnu við fornleifaskráninguna er fengin hjá VSÓ verkfræðistofu, Borgartúni 26, Reykjavík, sem er í samvinnu við Sandgerðisbæ. Allar ljósmyndir eru teknar af undirritaðri, Katrínu Gunnarsdóttur, sem einnig hefur gert allar teikningar af fornminjunum.

Myndadiskur fylgir hér með og myndirnar á honum númeraðar með sömu númerum og eru í þessari skrá. Loftmynd af svæðinu fylgir einnig, og fornleifar merktar inn á hann með því númeri sem þær eru í þessari skrá. Á loftmyndinni eru einnig númer á fornleifum úr skráningunni frá árinu 2004, en þau númer eru 1 – 17.


Reyni Sveinssyni, Fræðasetri Sandgerðis, eru færðar þakkir fyrir veitta aðstoð í sambandi við fornleifaskráninguna.

SKRÁÐAR FORNLEIFAR

Sandgerði 181043 60 – 108 (18)



Horft til austurs yfir byrgið.



Hlutverk: Byrgi.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N: 64,02,158 V: 22,38,682

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.


Staðhættir: Frá húsplötu sem er austast á Rockville og frá veginum sem liggur austan við hana er um 150 m að byrginu, sem er á smá hæð í landinu. Að því liggja mosavaxnar þúfur, en landið þar utan við er frekar gróðursnautt.

Lýsing: Veggjahleðsla byrgisins hefur hrunið nokkuð, en hleðslur eru úr nokkuð þykku flögugrjóti um 0.30-0.60 m að stærð. Gólf byrgsins er grasivaxið og einnig neðsti hluti veggjanna. Hleðsluhæð er 0.25-0.40 m. Gengið er í byrgið til vesturs, en í austur er lækkun á veggjum byrgsins fyrir miðju.

Sandgerði 181043 60 – 109 (19)



Horft til vesturs yfir byrgið.




Hlutverk: Byrgi.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,02,287 V: 22,38,654
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Um 250 m í norður frá nyrstu byggingu Rockville eftir vegi sem er austan við svæðið, og um 190 m í austur. Hleðslur byrgisins eru innan um lága steina og smá þúfur. Að suðausturhlið byrgisins liggur moldarjarðvegur á nokkuð stóru svæði.
Lýsing: Hleðsluhæð byrgisins er frá 1 m austast, lækkar svo aðeins um miðjuna um 0.40 m og hækkar svo aftur í 1.10 m. Frá byrginu í vestur gengur hleðslugarður sem er í smá boga. Hleðsluhæð garðsins er um 0.40 m. Garðurinn gæti verið varnargarður fyrir vatn sem gæti safnast saman suðaustan við garðinn, en landið þar er slétt og vatnssafnanlegt landslag. Steinastærð er um 0.30-1.00 m.

Sandgerði 181043 60 – 110 (20)



Horft til norðausturs yfir tóftina.



Hlutverk: Byrgi.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,02,421 V: 22,38,559
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Frá norðurenda við veginn sem liggur austan Rockville svæðisins. Þar er eldri uppgróinn vegur sem liggur í austur eftir þeim vegi um 50 m, síðan til norðurs um 25 m í smá gróðurbelti. Tóftin er í smá halla á móti vestri.
Lýsing: Byrgið virðist hlaðið upp á milli náttúrulegra steina sem þarna eru. Gólf byrgisins er grasivaxið og hleðslur grasivaxnar næst gólfi byrgisins. Hæsta hleðsluhæð er um 2 m á austurhlið. Hleðsluhæð sýnilegra steina er um 0.40 m, en hæð náttúrulegu steinanna er um 0.80 m. Steinastærð er 0.30-0.50 m. Inngangur í byrgið er á vesturhlið, en beint á móti inngangi er annar inngangur fyrir miðjum byrgisveggnum í austur. Sá er fremur þröngur.
Aðrar upplýsingar: Staðsetning á þessari fornleif lendir fyrir utan kortagrunninn, en er staðsett á hvítum fleti á kortgrunninum.

Sandgerði 181043 60 – 111 (21)



Horft til austurs frá enda vegarins sem liggur að leifum byggingarinnar sem er eins og og stór hrúga.

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Leyfar byggingar.

Staðsetning: N: 64,02,368 V: 22,38,489

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.

Staðhættir: Frá norðurenda við veginn sem liggur austan Rockville svæðisins. Þar er eldri uppgróinn vegur sem liggur í austur. Við endann á þessum vegi eru leifar byggingar.


Lýsing: Byggingunni sem þarna hefur staðið hefur verið ýtt saman í hrúgu 12-13 m langa í norður-suður. Hæð hrúgunnar þar sem komið er að henni eftir veginum að vestan er um 1.30, en í austur um 2.50 m.

Aðrar upplýsingar: Mjög líklega að þetta séu rústir byggingar sem hefur tilheyrt ameríska hernum. Staðsetning á þessari fornleif lendir fyrir utan kortagrunninn, en er staðsett á hvítum fleti á kortgrunninum.

Sandgerði 181043 60 – 112 (22)



Horft til vesturs yfir hleðslur byrgisins.




Hlutverk: Byrgi.

Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,02,246 V: 22,38,621
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Frá nyrsta enda húsgrunns sem austast á Rockville, um 120 m í norður eftir veginum sem liggur austan við svæðið, og um 200 m í austur. Þarna er landið mosavaxið og með nokkuð stórum steinum, og sker svæðið sig úr landinu í kring.
Lýsing: Byrgið er hringlaga og í miðju þess er smá steinahrúga. Hleðslur byrgisins hafa hrunið, bæði inn í byrgið og utan við. Hleðsluhæð er um 0.40, steinastærð 0.25-0.50 m. Byrgið er opið til norðausturs. Steinarnir eru nokkuð mosavaxnir eins og landið í kring. Austan við hringlaga byrgið er hálskeifulaga hleðsluveggur, hleðsluhæð um 0.40 m og steinastærð 0.25-0.50 m. Byrgið er opið til suðausturs.
Aðrar upplýsingar: Númer 113 og 114 eru á sama stað.

Sandgerði 181043 60 – 113 (23)



Horft í suður.




Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Mannvirki.
Staðsetning: N: 64,02,239 V: 22,38,652
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Frá nyrsta enda húsgrunns sem austast á Rockville, um 120 m í norður eftir veginum sem liggur austan við svæðið, og um 200 m í austur. Um 10 m í vestur frá tóft nr. 112 hér á undan. Þarna er landið mosavaxið og með nokkuð stórum steinum, og sker svæðið sig úr landinu í kring.
Lýsing: Skeifulaga grasivaxin umgjörð með veggjahæð um 0.50 m sem lækkar niður að með steini í miðjunni. Hæð steinsins er um 0.35 m. Mosavaxið er í kringum steininn, en ekki upp að honum. Opið er í skeifuna til norðnorðausturs.

Sandgerði 181043 60 – 114 (24)



Horft til suðurs yfir hleðslurnar.



Steinninn með grópinni sem er fyrir miðju í hleðslunum að innanverðu.

Hlutverk: Byrgi.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N: 64,02,239 V: 22,38,679

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.


Staðhættir: Frá nyrsta enda húsgrunns sem er austast á Rockville, um 120 m í norður eftir veginum sem liggur austan við svæðið, og um 200 m í austur. Um 12 m í vestur frá nr. 113 hér á undan. Þarna er landið mosavaxið og með nokkuð stórum steinum, og sker svæðið sig úr landinu í kring.

Lýsing: Byrgið samanstendur af náttúrusteinum og veggjahleðslum sem hlaðnar hafa verið inn á milli náttúrusteina. Hleðslur byrgisins eru hrundar bæði inn í byrgið og utan við. Við vesturhlið byrgisins fyrir miðju er náttúrusteinn sem sker sig úr. Hann er um 0.75 m langur og 0.45 á breidd, og er skálaga gróp í steininn, til að safna vatni í.

Sandgerði 181043 60 – 115 (25)



Horft yfir byrgið til suðsuðausturs.



Hlutverk: Byrgi.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N: 64,02,560 V: 22,38,788

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.


Staðhættir: Frá nyrsta og austasta húsgrunni Rockville um 530 m í norður eftir veginum sem liggur austan við svæðið skiptist vegslóðinn í norðaustur og norðvestur slóða. Mitt út frá skiptingu er byrgið um 170 m í norður.

Lýsing: Byrgið er hringlaga. Neðstu steinar í byrgisveggum eru náttúrulegir, en á milli þeirra hefur verið hlaðið steinum. Nýjar steinahleðslur hafa verið hlaðnar ofan á eldri hleðslur og inn á milli. Steinastærð er 0.25-0.40 m, hleðsluhæð um 0.25-0.40 m. Náttúrusteinar í hleðslunni eru mosavaxnir, en minni mosi á hleðslusteinum. Inngangur í byrgið er frá norðri.

Sandgerði 181043 60 – 116 (26)



Horft til suðausturs.



Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Mannvirki.

Staðsetning: N: 64,02,214 V: 22,39,013

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Um 30 m í austur frá nyrsta húsgrunni í Rockville, í smá grasivaxinni lægð.
Lýsing: Grasivaxin dæld, mjög óljós hringlaga mótun á einhverskonar mjög grasivöxnum veggjum, veggjahæð allt að 1.50 m. Óljós inngangur í norðaustur.


Sandgerði 181043 60 – 117 (27)



Horft til norðurs yfir garðana sem liggja samhliða á þessu svæði, en garðurinn er þrengist til vesturs og er V-laga.

Hlutverk: Hleðslugarður.
Tegund: Garðhleðsla.
Staðsetning: N: 64,02,201 V: 22,39,304
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Garðhleðslan liggur norðan við vegslóða sem er norðan við nyrstu húsgrunna Rockville svæðisins.
Lýsing: Grjótgarðurinn er V-laga og er í austur-vestur. Syðri armur garðsins er um 20 m langur, um 0.60 m á hæð og um 0.50-1.00 m á breidd. Steinastærð er um 0.30- 0.80 m. Norðurarmur garðsins er um 40 m langur, 0.60 m á hæð og um 0.50-1.00 m á breidd, steinastærð um 0.30 - 0.80 m.

Sandgerði 181043 60 – 118 (28)



Horft til suðausturs yfir byrgið.

Hlutverk: Byrgi.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,01.996 V: 22.38.971
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Við suðurhlið vegarins sem er í kringum Rockville er varða sunnan við veginn. Um 40 m norðan við veginn á móts við vörðuna er byrgið á smá hól.
Lýsing: Byrgið er hlaðið á litlum hól með smá gróðri í kring. Byrgisveggirnir eru grasivaxnir neðst um 0.30 m á hæð, en steinahleðslur í efri hluta, hleðsluhæð frá gólfi um 0.60 m. Steinastærð er allt frá smá steinum upp í að vera 0.30-0.50 m. Inngangur í byrgið er í vestur.

Sandgerði 181043 60 – 119 (29)




Horft í suður.

Hlutverk: Varða.
Tegund: Varða.
Staðsetning: N: 64,01,958 V: 22,39,031
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Syðst á Rockville svæðinu, sunnan vegar sem er í kringum Rockville.
Lýsing: Varðan er hringlaga upphlaðin, um 1.70 m á hæð, ummál um 1.50 m. Skjöldur er á vörðunni, á honum stendur að varðan sé hlaðin 1957, og FL4N 3012 Landmælingar Íslands. Röskun varðar refsingu.

Sandgerði 181043 60 – 120 (30/29)



Horft til suðurs yfir hleðsluna.




- Hlutverk:** Óþekkt.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,02,046 V: 22,39.255
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Um 45 m í vestur eftir vegaslóða sem liggur upp á smá hæð, rétt áður en komið er inn á svæðið þar sem húsin á Rockville eru.
Lýsing: Hleðslan er að hluta til nýhlaðin eins og bætt hafi verið í eitthvað eldri hleðslur. Hleðsluhæð er um 0.45 m, steinastærð 0.25-0.45 m.

Sandgerði 181043 60 – 121 (31)



Horft til suðurs yfir fjárbyrgið



- Hlutverk:** Fjárbyrgi.
Tegund: Tóft.
Staðsetning: N: 64,01,928 V: 22,38.835
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Við suðurhlíð vegarins sem liggur í kringum Rockville innan um stórgrýti um 150 m í norðaustur frá vörðu Landmælinga Íslands, og um 25 m í frá veginum í suðaustur.

Lýsing: Hleðslurnar eru innan um stórgrýti. Hleðslurnar hafa hrunið mikið, en þó er hægt að aðgreina smá hólfrá hrundu hleðslunum. Hleðsluhæð er um 0.50 m. Steinastærð er um 0.30-0.50 m. Hleðslurnar eru mosavaxnar.

Sandgerði 181043 60 – 122 (32)



Horft til suðausturs yfir hleðslurnar.

Hlutverk: Garðhleðsla.

Tegund: Hleðslugarður.

Staðsetning: N: 64,02,003 V: 22,38.721

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.


Staðhættir: Frá vörðu Landmælinga sem er syðst á Rockville, eftir veginum í norður, um 15 m í norður frá skurði með jarðstreng. Landið er grasivaxið upp við veginn, þá taka við stórir steinar, og er hleðslan um 70 m frá veginum í austur.

Lýsing: Hleðslan er um 1.50 m á lengd og liggur í austur-vestur, hleðsluhæð um 0.50 m. Steinastærð um 0.35-0.50 m

Sandgerði 181043 60 – 123 (33)



Horft til austurs yfir hleðslurnar.




Hlutverk: Garðhleðsla.

Tegund: Hleðslugarður.
Staðsetning: N: 64,02,032 V: 22,38,741
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Frá vörðu Landmælinga sem er syðst á Rockville, eftir veginum í norður, um 60 m í norður garðhleðslu nr 122 hér á undan. Hleðslan er um 60 m frá veginum.
Lýsing: Hleðslan er um 2-3 m á lengd. Hleðslurnar eru hlaðnar inn á milli náttúrusteina sem eru stærri en hleðslurnar sjálfar. Hleðsluhæð er 0.50-0.70 m.

Sandgerði 181043 60 – 124 (43)



Horft til vesturs yfir byrgið.




Hlutverk: Byrgi.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,02,035 V: 22,39.340
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Byrgið er um 15 m í vestur frá vegslóða sem er í norður suður vestan við Rockvillesvæðið, út frá brunni sem er við vegatálma sem settur hefur verið yfir slóðann. Byrgið er í smá bratta og og ber í lága hæð um 1-2 m í vestur.
Lýsing: Byrgið er grjóthlaðið, það er hringlaga og hleðsluhæð um 0.30-0.40 m. Inngangur í byrgið er í austur. Steinastærð 0.20-0.40 m

Sandgerði 181043 60 – 125 (44)



Horft yfir hleðsluna til norðurs.



Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N: 64,02,116 V: 22,39.405

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.


Staðhættir: Frá vegaslóð sem er í norður - suður, vestan við Rockville, um 160 m í norður frá nr 124 hér á undan. Þar við er klettabelti og að því liggja þúfur, frá veginum séð í vestur. Frá klettunum er um 25 m í austur að hleðslunni og frá vegaslóðanum um 30 m í vestur.

Lýsing: Steinum hefur verið hlaðið að þúfnavegg og mynda rými með inngangi í suður.

Sandgerði 181043 60 – 126 (45)



Horft til norðurs.



Hlutverk: Varða.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N: 64,02.136 V: 22,39.433


Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.

- Staðhættir:** Frá vegslóða sem er í norður-suður vestan við Rockville, um 200 m í norður frá nr 125 hér á undan, þá um 45 m í vestur frá slóðanum á smá hól sem að er mikið stórgrýti er um kring.
- Lýsing:** Varðan er mikið hrunin og lögun hennar frekar óljós, hleðsluhæð um 0.80 m.

Sandgerði 181043 60 – 127 (46)



Horft til vesturs yfir byrgið.




- Hlutverk:** Byrgi.
- Tegund:** Hleðsla.
- Staðsetning:** N: 64,02,174 V: 22,39.327
- Hættumat:** Hætta vegna nýbygginga.
- Staðhættir:** Um 50 m frá nyrstu og vestustu húsaplötum Rockville í smá hæðóttu landi. Rétt norðan við L-laga vegaslóða sem liggur austur-vestur um 45 m niður á vegslóða sem er norður-suður vestan við Rockville. Um 1 m til hliðar og austan við tóftina eru fjórir stöplar þar sem staðið hefur fjarskiptamastur.
- Lýsing:** Byrgið er grjóthlaðið, hleðsluhæð er um 0.30-0.90 m, steinastærð um 0.25-0.40 m. Inngangur er í byrgið í norðvestur. Smá grjóthrúga er um 1 m suðvestan við það og önnur um 2 m til hliðar við það í vestur.

Sandgerði 181043 60 – 128 (47)



Horft til vesturs, mannvirkið til vinstri á myndinni.



Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Mannvirki

Staðsetning: N: 64,02,192 V: 22,39.277

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.

Staðhættir: Um 50 m frá nyrstu og vestustu húsaplötum Rockville. Rétt sunnan við L-laga vegaslóða sem liggur austur vestur, og er um 45 m niður á vegaslóða sem er norður-suður vestan við Rockville.

Lýsing: Hálfhringlaga grasivaxin hleðsla sem er um 0.50 m á hæð í norður. Innan hleðslunnar hefur verið fyllt af sandi sem lækkar til suðurs og rennur saman við landið í kring.

NIÐURSTÖÐUR:

Erfitt hefur verið að finna nokkrar skriflegar heimildir um Rockvillesvæðið. Heimildarmaður við þessa vinnu hefur verið Reynir Sveinsson, Fræðasetri Sandgerðis.

Margir vegslóðar liggja um Rockvillesvæðið, og segir heimildarmaður að þar séu um að ræða slóðir frá veru hersins, en þar hefur verið ekið um á skriðdrekum, jeppum og öðrum faratækjum sem herinn hafði til umráða.

Áður en herinn tók við svæðinu um 1950 voru þarna mest melar og móar, en ekki heimildir um neinn búskap.

Það hefur þó komið í ljós við yfirferð á svæðinu að þar má finna gamlar hleðslur sem gefa til kynna að þarna hefur verið fjárbúskapur. Þessar fornleifar eru staðsettar í landinu þar sem er nokkur gróður, en landið er almennt ekki gróðursælt.

Þessar fornleifar eru númer 121, sem er við suðausturhorn vegslóðans sem liggur í kringum Rockville. Þar er að finna hrundar hleðslur og er hægt að sjá úr þeim hleðsluvegg sem liggur að hólfi sem mikið hefur hrunið inn á við, og þar við er annað hólf sem er aðeins heillegra, en líka hrunið inn á við.

Fornleif númer 109 er samhangandi hleðslur sem eru hleðslugarður og hleðslur sem hægt er að að skilgreina í tvö hólf.

Í norður frá vegaslóðanum sem er austan við Rockville eru fornleifar númer 112, 113, og 114, og eru það nokkuð samhangandi hleðslur sem virðast vera saman og hafa verið nýttar saman þar sem þær liggja svona þétt. Nr. 112 er hleðsluveggur og hringlaga tóft. Um 10 m í vestur frá henni er skeifulaga grasivaxin umgjörð með veggjahæð um 0.50 m sem lækkar niður að steini í miðjunni. Hæð steinsins er um 0.35 m, mosavaxið er í kringum steininn.

Um 12 m í vestur er nr. 114, það er byrgi og hafa veggjahleðslur þess verið hlaðnar á milli náttúrusteina. Hleðslur byrgisins eru hrundar bæði inn í byrgið og utan við. Við vesturhlið byrgisins fyrir miðju er náttúrusteinn sem sker sig úr. Hann er um 0.75 m langur og 0.45 m á breidd, og er skálaga gróp er í steinnum, til að safna vatni í.

Nr. 126 er hrundar hleðslur á smá hól sem sker sig nokkuð úr landinu og sést vel langt að, mjög vel frá Sandgerði í austur og hefur öll einkenni vörðu.

Minjar eftir veru hersins á þessu svæði eru nokkrar. Má þar telja nokkur byrgi sem herinn hefur notað til æfinga, hleðslugarða og smá hleðslur ásamt mannvirkjum sem ekki er hægt að skilgreina eftir notagildi.

Þessar herminjar eru frá veru hersins á svæðinu um og upp úr 1950, og eru þær ekki skilgreindar sem fornminjar. Það ætti samt að taka tillit til þeirra við skipulagningu svæðisins sem minnisvarða um þá tíma þegar herinn hafði þar bækistöð. Það gæfi svæðinu vægi þegar til lengri tíma lítið og tengir saman nútíð og fortíð.

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til

komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til”. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram.



115

110

111

109

117

114 113

112

117

116

128

127

126

125

108

124

120

123

118

122

119

121